

Erindisbréf starfshóps um málefni Salarins

I. Kafli Skipan og umboð

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað á fundi sínum þann 25. apríl 2023 samkvæmt tillögu bæjarstjóra að setja á laggirnar starfshóp um hvernig unnt sé að fjölga viðburðum og komu gesta í Salinn.

1. gr.

Starfshópurinn er skipaður af bæjarstjóra Kópavogs. Starfshópurinn er skipaður um afmarkað verkefni, sem er að gera rekstrarúttekt á starfsemi Salarins með það að markmiði fjölga viðburðum og komu gesta í Salinn. Starfshópnum er ætlað að leggja mat á hvort ástæða sé til að gera breytingar á núverandi rekstri, meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi, viðburðum, ráðstefnuhaldi eða öðrum leiðum til tekjuöflunar. Einnig að rýna gjaldskrá Salarins hvað varðar útleigu og hlutfallsskiptingu við miðasölu tónleikahaldara og Salarins.

Umboð starfshópsins fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar.

2. gr.

Í starfshópnum eiga sæti þrír fulltrúar á sviði tónlistar og rekstrar

- Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður (tilnefndur af FÍH)
- Halldór Friðrik Þorsteinsson fjárfestir (tilnefndur af bæjarstjóra)
- Védís Hervör Árnadóttir forstöðumaður miðlunarsviðs Samtaka atvinnulífsins (tilnefnd af bæjarstjóra)

Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála í Kópavogi er starfsmaður hópsins. Formaður hópsins er Védís Hervör Árnadóttir.

3. gr.

Verkefni starfshópsins er að móta nýja heildarsýn fyrir Salinn og eru meginhlutverk hans eftirfarandi:

- Vinna að nýrri heildarsýn fyrir Salinn
- Skilgreina áherslur í tónleikahaldi Salarins
- Koma með tillögur að tekjuöflunarmöguleikum Salarins, m.a. út frá
 - útleigu til ráðstefnuhalds
 - útleigu vegna annarra viðburða
 - upptökum
 - leigu á tækjabúnaði
- Meta, skilgreina og koma með tillögur að leigu Salarins til tónleikahalds og skiptingu úr kassa
- Koma með tillögur að nýtingu forrýmis Salarins
- Kortleggja starfsmannþörf Salarins
- Skilgreina hagaðila

- Kalla eftir hugmyndum frá starfsmönnum.
- Skoða hvernig hugmyndir um núverandi samstarf menningarhúsanna falla að starfsemi Salarins
- Kynna niðurstöður fyrir lista- og menningarráði og taka athugasemdir þeirra til umfjöllunar áður en lokaskýrslu er skilað.

Fundur og starfshættir

4. gr.

Starfsmaður undirbýr dagskrá funda starfshópsins í samráði við formann, boðar fundi, ritar fundargerð, fylgir eftir samþykktum funda og aflar gagna. Starfshópurinn skal í upphafi vinnu gera starfsáætlun og funda jafn oft og þurfa þykir. Geti fulltrúi ekki sótt fundi skal hann tilkynna forföll.

5. gr.

Fundir skulu fara fram skv. starfsáætlun en annars boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Formaður starfshóps stýrir fundum. Starfshópurinn hefur umboð til að kalla starfsfólk Kópavogsbæjar til fundar og fela þeim verkefni.

Greiðsla fyrir setu í starfshópnum 25.000 krónur á hvern fund og gert ráð fyrir fjórum fundum.


6. gr.

Starfshópurinn skal skila skýrslu og fullbúnum tillögum til bæjarstjóra fyrir 1. júlí 2024.

Starfshópurinn skal leitast við að leggja fram sameiginlegar tillögur. Náist ekki samstaða um tillögur ræður einfaldur meirihluti nefndarmanna hvaða tillögur eru lagðar fram.

Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni og/eða skila sértillögum.

Kópavogi, 23. apríl 2024


Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri Kópavogs

